

KARLAR

Ástarsaga af Vellinum

Hurðin skall á hæla okkur. Það fór um mig kuldahröllur. Þetta var stór salur. Hátt til lofts. Hvítalkaðir veggir. — Hún lá á miðju gólfi. Umkomulaus, hjálparvana, bundin við þessar börur. — Það var enn verið að „operera“.



efir Bryndís Schram

Ég sveipaði um mig loðfeldinum. Horfði spyrjandi á unga manninn. Ég var staðráðin í að reyna að skilja hann.

Hann bauð mér að ganga upp stígann. Þannig gætum við virt hana betur fyrir okkur. Hún var löng og rennileg. Það var eitthvað hrifandi og ómótstæðilegt við þetta skópulag. Fram að þessu hafði útlit hennar eingöngu skipt mig máli. Nú skildi ég, að hún var eitthvað allt annað og meira. — Ungi maðurinn renndi höndinni varfærnislega eftir gljáandi húðinni. Í þessari hreyfingu fólst takmarkalaus ást og umhyggja.

Við vorum bara tvö ein, og svo hún. Hinir voru ókomnir. — Hann leit aldrei af henni. Gældi við hana, á meðan hann lýsti aðgerðinni af mikilli kunnáttu. Hann vissi allt um hana. Fyrir honum átti hún engin leyndarmál. Hann talaði án afláts. — Dögum saman hafði hann ekki vikið frá hlið hennar. Hann hafði fylgst með „operationinni“ frá einu stigi til annars. Haft augu með aðstoðarmönnum sínum. Þurrkað burt óhreinið eftir kámuga fingur. Klappað henni, huggað hana í niðurlægningunni. Hún var svo varnarlau, svona sundurtætt á köldum börum. — Hann beið þess dags með óþreyju, að hún yrði aftur ferðafær. Þá ætluðu þau að fljúga saman eitthvað út í buskann. Yfir hafði, í átt til sólar, þar sem allir gætu horft á hana og dáðst að henni. — Hann hafði í rauninni aldrei elskað aðra en hana. Hann þekkti heldur enga aðra betur.

Allt þetta sagði hann mér, á meðan við biðum. Það lá við, að ég ófundaði hana. Hvað hafði hún framyfir okkur hinar? — Ég veit, að hún segir aldrei orð. Hún er auðmjúk og undirgefin, biður þess eins að vera tekin. Hún fær líf við minnstu snertingu. Ávallt reiðubúin. Ég veit líka, að hún fær svalað dýpstu löngunum karlmannsins. Í fylgd með henni finnur hann vald sitt, fer framúr sjálfum sér, ferðast hraðar og hraðar, jafnvel hraðar en hljóðið.

— Við stóðum enn í stiganum, þegar þeir gengu í salinn. Maðurinn minn var í hópnum. Ég veifaði til hans ofan úr stiganum. Hann sá mig ekki. Þeir horfðu allir á hana. — Ókennilegum glampa brá fyrir í augum þeirra. — Langar þá virkilega alla svona mikið? Verða karlmenn aldrei fullorðnir?

„Gerlið svo vel, herrar minir. Má ekki bjóða ykkur að ganga upp stígann. Þá sjáið þið betur inn í hana. Getið virt fyrir ykkur tækjabúnaðinn. Þið megið setjast í flugstjórasetið, ef þið kærðið ykkur um. F 15 er ein allra fullkonnasta orrustubota, sem smíðuð hefur verið. Jafnvel Rússarnir geta ekki státað af neinu sambærilegu. Við erum mjög stoltir.“

Ég vék fyrir þeim úr stiganum. Ungi maðurinn aðstoðaði herrana við að stíga um borð. Þetta var hans sæti. Þetta var elskan hans. Ég horfði á hann gæla við hana, strjúka burt fingraför ókunnra manna. — Skyldi hann ekki vera afbrýðsamur — hugsaði ég.

**Brúð-
hjónin**
Geir
Gunnarsson og
Bryndís
Baldurs-
dóttir



BRÚÐHJÓN VIKUNNAR

Kynntust í kuldanum á Akureyri

Pau Geir Gunnarsson og Bryndís Baldursdóttir gengu í hjónaband hjá embætti borgardómara þann 24ða febrúar síðastliðinn. Það var Georg Lárússon sem gaf þau saman.

Þau kynntust frostaveturinn mikla á Akureyri árið 1984. Þá hafði verið 18 til 20 stiga frost í heilan mánuð áður en hún kom heim til hans í fyrsta skipti. Hálfum mánuði síðar fóru þau að búa saman, Bryndís hafði veikt og dagaði uppi hjá Geir sem hjúkraði

henni. En hvað sáu þau hvort við annað þarna í byrjun?

„Ég held að ég hafi minnt hann á hamsturinn hans“ segir Bryndís og skellihlær. „Nei, ég hef enga góða afsökun fyrir því að hafa látið dæma mig í lífstíðarfangelsi á sakamannabekk borgardómara“

segir þá Geir í spaugi. En er það ekki, eins og maður segir, í tísku að gifta sig í kirkju?

„Kannski það. Ef fólk hefur gaman af því umstangi sem kirkjubrúðkaupi og veisluhöldum fylgir þá bara ófunda ég það. Ég hefði ekki viljað vera aðalpersóna dagsins, það er ekki minn stíll. Við vildum heldur ekki lofa hvort öðru tryggðarböndum þar til dauðinn aðskilur okkur. Ekki frammi fyrir Guði og mönnum. Maður er ekki alltaf sama manneskjan, fólk þróast í ólíkar áttir á langri ævi og ekki vil ég svíkja það loford,“ segir Bryndís. „Þá er betra að sleppa því eina atríði úr textanum, hver veit hvað ég geri þegar ég verð sjötugur,“ segir Geir.

Pau eru tónlistarfólk, hann spilar á gítar og hún á píanó og gítar. Hann var í hljómsveitunum Blátt áfram og Ípanema sem báðar hafa hætt störfum. Hinsvegar æfir Geir sig sjálfur og myndi spila daginn út og inn ef hann gæti, fullyrðir Bryndís en sjálf hefur hún meira gaman af að njóta tónlistar með því einungis að hlusta. Þau voru einmitt á leið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói þegar þau komu í spjallið.

Þau giftu sig

■ Geir Gunnarsson og Bryndís Baldursdóttir, Reykjavík
■ Scott Allen Varsko og Ingunn Jóna Karlsdóttir, Reykjavík

Hér með er óskað eftir nöfnum þeirra sem gengið hafa í hjónaband nýverið. Vinsamlegast hringið í síma 691162 á skrifstofutíma eða sendið upplýsingar um nöfn brúðhjóna og brúðkaupsdag ásamt símanúmeri í lokuðu umslagi merkt Morgunblaðið „Fólk í fréttum“ Pósthólf 1551, 121 Reykjavík.

Svipmyndir frá fyrsta „bjórdegi“

Þá er honum lokið, þeim fyrsta degi sem Íslendingum leyfist að kaupa áfengt öl eftir 74 ára bindindi. Loksins, loksins, hrópa bjórþyrstir. Það var á mönnum að sjá að kvöldi B-dagsins að bjórnum væri vel fagnað og var talað um þjóðhátíðardag og fleira í þeim dúr.

Fjölmíðlar hafa verið iðnir við að minna á þessi tímamót. Þá var frí gefið í skólum vegna starfsdags kennara en mörg börnin tóku það sem komu bjórsins væri fagnað með þeim hætti. Jafnvel var hrópað „til hamingju með daginn“ strax þegar foreldrarinn opnuðu augun þann morgun. Annars segjast sumir þeir fullorðnu vera komnir með magafylli af umfjöllun um bjór, allveg sé þeim sama hvað aðrir sötri.

Eins og myndir sýna þá var alls staðar glatt á hjalla.

